43 24. maí yrðin fyrir því, að þeir taki þar embættispróf, með því að ráðaneytið, hvað sem öðru líður, verður að telja það mjög óheppilegt, að í þessu efni gildi aðrar reglur, sem af atriði eru, um íslenzka stúdenta, en þær er gilda fyrir stúdentana í konungsríkinu. Meðan málið um tilsvarandi breytingar að því er konungsríkið snertir eigi er komið lengra en nú er, getur ráðaneytið eigi fundið ástæðu til að leggja fyrir alþingi frumvarp um breyting á þeirri skipun, sem nú gildir um lærða skólann, í þá átt, sem alþingisfrumvarpið frá 1897 fer, svo verulegar breytingar, sem frumvarp þetta fer fram á.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í Bdeild Stjórnartíðindanna ásamt nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Á síðasta alþingi var borið upp í efri deild af þingmanna hálfu frumvarp til laga um kennslu í lærða skólanum í Reykjavík og í gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum, sem í öllu verulegu var samhljóða frumvarpi því um sama efni, sem alþingi 1897 samþykkti, en samkvæmt brjefi hins háa ráðaneytis 27. septbr. 1897 eigi var álitið til þess fallið, að verða að lögum. Samkvæmt tillögum nefndar þeirrar, er umgetin deild kaus til þess að íhuga mál þetta, og í voru báðir efórar lærða skólans, náði nefnt lagafrumvarp eigi fram að ganga. — Aptur á móti samþykktu báðar deildir þingsins eptir löglegan undirbúning þingsályktun, þar sem skorað er á stjórnina, sumpart að leita álits kirkju- og kennslumála-ráðaneytisins og Kaupmannahafnarháskóla um það, hvort breyting á fyrirkomulagi hins lærða skóla í Reykjavík, í líka átt og farið var fram á í frumvarpi samþykktu á alþingi 1897, þyrfti að verða því til fyrirstöðu, að íslenzkir stúdentar fengju aðgang að háskólanum, og sumpart, ef slíkt fyrirkomulag eigi álitizt hafa slíka afleiðing í för með sjer, að stjórnin þá leggi fyrir næsta alþingi frumvarp, er byggt sje á sama grundvelli og frumvarp alþingis 1897.

Jafnframt því að senda nefnda alþingisályktun, bæði í þeim búningi, er hún kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu, og danska þýðing á umgetnu nefndaráliti, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fela mál þetta aðgjörðum hins háa ráðaneytis.

44 2. maí **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um flutning þingstaðar Borgarfjarðarhrepps.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi dagsettu 25. marz þ. á., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Borgarfjarðarhreppi í Norðurmúlasýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Desjarmýri að Bakkagerði, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

45 2. maí **Brjef landshöfðinga** *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um flutning þingstaðar Þóroddstaðahrepps.** Samkvæmt tillög-